

Mannauðsstefna

Mannauðsstefna Kirkjugarða Reykjavíkur styður heildarstefnu fyrirtækisins. Meginmarkmið mannaúðsstefnu Kirkjugarða Reykjavíkur er að fyrirtækið hafi ávallt á að skipa hæfu, traustu, framsæknu og áhugasömu starfsfólki sem sýnir frumkvæði og veitir yfirburða góða þjónustu. Lögð er áhersla á að skapa starfsfólki gott og hvetjandi starfsumhverfi, stuðla að jákvæðri vinnustaðamenningu og efla starfsfólk með markvissri þjálfun.

Öryggi og heilsa

Það er stefna Kirkjugarða Reykjavíkur að búa starfsfólki sínu gott og heilsusamlegt vinnuumhverfi þar sem áhersla er lögð á heilsu og öryggi starfsfólks. Markvisst er unnið að öryggis- og vinnuverndarmálum með öryggisfræðslu og þannig reynt að draga úr hættu eins og fram kemur í öryggis-, heilsu- og vinnuverndarstefnu fyrirtækisins.

Vellíðan og starfsandi

Hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur leggja allir sitt af mörkum til að skapa góðan starfsanda og lögð er áhersla á opinn faðm. Einelti, ofbeldi eða annað sem stuðlað getur að neikvæðum starfsanda verður ekki liðið. Starfsfólki er ekki mismunað vegna kyns, kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, kynhneigðar, aldurs eða annarra ómálefnalegra þátta eins og fram kemur í jafnréttisstefnu fyrirtækisins.

Kirkjugarðar Reykjavíkur leggja áherslu á að styðja við heilbrigði og góða líðan starfsfólks. Fyrirtækið styður við heilbriggt lífverni og skapar starfsfólki aðstæður til að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.

Reglulegar kannanir eru gerðar meðal starfsfólks og markvisst unnið úr niðurstöðum þeirra í því skyni að auka starfsánægju og vellíðan starfsfólks.

Þekking og fræðsla

Kirkjugarðar Reykjavíkur leggja áherslu á að styðja starfsfólk til að þróast í starfi. Það er ábyrgð starfsfólks að sýna frumkvæði og metnað til að takast á við nýjar áskoranir og þróast í starfi. Kirkjugarðar Reykjavíkur hvetja starfsfólk til að auka hæfni sína og getu með því að takast á við verkefni og sækja sér fræðslu sem eflir það og styrkir. Regluleg starfsmannasamtöl eru vettvangur fyrir umræðu um starfsþróun og fræðsluþörf starfsfólks.

Ráðningar, móttaka nýliða og starfslok

Það er stefna Kirkjugarða Reykjavíkur að standa faglega að ráðningum, móttöku nýliða og starfslokum. Áhersla er lögð á að fá til starfa hæft, traust, áhugasamt og framsækið starfsfólk sem eflir þann hóp sem fyrir er á hverjum tíma. Við ráðningar skal hafa hliðsjón af jafnréttisstefnu fyrirtækisins.

Kirkjugarðar Reykjavíkur leggja metnað í að taka vel á móti nýju starfsfólki og bjóða þeim upp á faglega þjálfun og aðlögun í starfi.

Stefna Kirkjugarða Reykjavíkur er að hafa sveigjanleika og virðingu að leiðarljósi við starfslok og áhersla er lögð á að finna farsælar lausnir báðum aðilum til hagsbóta. Starfslok vegna aldurs skulu miðast við 70 ára aldur.